

FUNDARGERÐ			
Efni fundar: Heilsueflandi samfélag, stýrihópur			
Dagsetning: 9.11.2023	Tími: 14:00	Staður Leikskólar – Fundarherbergi	Nr. fundar 1
Fundaritari: Kristín	Viðstaddir: Svanhvít, Makis, Kristín og Ívar Fjarverandi: Helga		Útrentun dags. 10.11.2023
Viðtakendur			

Atriði nr.	Efni	Niðurstaða – Til upplýsingar (T), Til umræðu (U), Ákvörðun (Á)	Ábyrgð
1.	Ræddum aðeins ferðina sem Kristín fór á vegum Félag íþrótta-æskulýðs og tómstundafulltrúa í Kaupmannahöfn og Köln. Kristín sýndi myndir af nýjustu tækjum og tólum fyrir útiaðstöðu. Mikill áhugi fyrir því að auka hreyfiaðstöðu úti fyrir almenning.	(T)	K.Ó.
2.	Farið var yfir heilsubótargönguna okkar og áframhaldandi vinnu við skiltagerð. Krónan hefur ákveðið að styrkja okkur um 250.000kr til þess að vinna þetta verkefni. Var rætt að hafa skiltin ekki stór heldur að nota QR kóða á bekkjunum og slagorð sem hvetur fólk áfram til að skanna og fara inn á heimasíðu með æfingum og gönguleiðinni. Var það einhljóma ákvörðun.	(Á)	Allir
3.	Sunna ætlar að setja saman æfingar sem hægt er að gera við bekkina. Voru ólíkar útfærslur skoðaðar sem önnur sveitarfélög hafa verið að gera.	(Á)	Sunna
4.	Kristín mun reyna að fá grafískan hönnuð í verkefnið með okkur. Þurfum að reyna að halda kostnaði niðri og erum að vonast til að það leynist grafískur hönnuður í sveitarfélagin sem væri til í að fara í þetta verkefni með okkur.	(Á)	K.Ó.
5.	Farið var yfir nýju skipulagsbreytingarnar þar sem Æskulýðs- og tómstundafulltrúi hefur tekið yfir íþróttamiðstöðinni. Farið var yfir fyrirhugaðar breytingar á opnunartímum og stækkun líkamsræktarstöðvar. Viðgerð á sundlaug var líka rædd.	(T)	Allir
6.	Á næsta fundi verður vonandi kominn protó týpa af skiltunum sem við getum skoðað og tekið ákvarðanir með.	(U)	
7.	Fundi slitið 15:00		

8.			
----	--	--	--